

Fundargerð 5. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2019, fimmtudaginn 13. júní kl. 16, á Sólvangi.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Lovísa Traustadóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Þórdís Kristinsdóttir Bakkmann, Sigurður Þ. Ragnarsson, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri Umhverfs- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Vettvangsferð.

Verkefnastjórnin fór í vettvangsferð í nýbygginguna á Sólvangi. Farið var um bygginguna undir leiðsögn. Var það samdóma álit að geysi vel er að takast til við útfærslu, hönnun og byggingu hússins. Húsið verður tilbúið þann 1. júlí en lögð verður lokahönd á kjallarann fyrir 1. ágúst. Gert er ráð fyrir að íbúar flytji inn þann 8. ágúst. Hugað verður að formlegri opnun líklega í lok júlí eða byrjun ágúst.

Verkefnastjórnin skoðaði einnig jarðhæð “gamla” Sólvangs. Ljóst er að dagdvölin þarf að flytjast til í húsinu þar sem tengibygging húsanna opnast inni dagdvölin. Sviðsstjóra Fjölskylduþjónustu er falið að gera þarfagreiningu varðandi notkun rýmisins á jarðhæð.

Einnig er sviðsstjóra falið að kalla eftir upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu varðandi tímabundna notkun á “gamla” húsinu en ráðuneytið hefur óskað eftir afnotum af húsinu og erindið hefur fengið jákvæða afgreiðslu hjá Hafnarfjarðarbæ.

2. Verkáætlun og staða verksins.

Farið var yfir verkstöðu og áætlun um lokakostnað verkefnisins. Formaður fór yfir stöðuna og lýsti yfir ánægju með hvernig til hefur tekist með framkvæmdina. Náðst hefur samkomulag við verktaka sem hefur fengið umfjöllun og samþykkt í bæjarráði.

Fundi slitið kl. 17:00.

